



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur 7. apríl 2010 kl. 17:00

Boðaðir: Snorri Olsen (SO), Pálína Hinriksdóttir (PH), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ) og Þorsteinn Rafn Johnsen (ÞRJ), Elías Karl Guðmundsson (EKG) og Sara Rut Unnarsdóttir (SRU).

Mættir: Snorri Olsen (SO), Pálína Hinriksdóttir (PH), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ) og Þorsteinn Rafn Johnsen (ÞRJ). Einnig sat fundinn Páll Grétarsson framkv.stjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð

- Formaður setti fund og stjórnaði.
1. Fundargerð síðasta fundar
Samþykkt.
2. Verkaskipting aðalstjórnar
Formaður lagði fram tillögu að verkaskiptingu stjórnar. Tillagan var samþykkt.
Varaformaður Jóhann Steinar Ingimundarson
Gjaldkeri Þorsteinn Þorbergsson
Ritari Pálína Hinriksdóttir
Meðstj. Þorsteinn Rafn Johnsen
3. Fundir aðalstjórnar
Aðalstjórn mun funda fyrsta miðvikudag í mánuði kl 17:15.
Framkvæmdastjóri mun boða fundina með dagskrá.
Fundirnir verða settir á atburðadagatal á heimasíðu félagsins.
4. Formannafundir
Stefnt er að formannafundum fyrir lok apríl, maí og september, í desember og fyrir aðalfund 2011.
Framkvæmdastjóri mun boða fundina með dagskrá.
Fundirnir verða settir á atburðadagatal á heimasíðu félagsins.
5. Siðareglur UMF Stjörnunnar
Lögð voru fram drög að siðareglum UMF Stjörnunnar.
Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram m.a. með tilliti til útbreiðslu reglnanna þegar þær verða gerðar opinberar. Aðalstjórnarmenn munu senda athugasemdir í tölvupósti. Reglurnar nái einnig til stuðningsmanna félagsins.
6. Íþróttaskóli Stjörnunnar
Framkvæmdastjóri greindi frá vinnu við handbók um Íþróttaskóla Stjörnunnar.
Aðalstjórnarmenn munu lesa gögnin yfir og gera athugasemdir.
Íþróttafulltrúa og höfundi falið að kynna handbókina fyrir fulltrúum barna- og unglingaráða deilda félagsins. Stefnt að afgreiðslu málsins á formannafundi í lok apríl.
7. Önnur mál
 - a. Fundargerðir aðalstjórnar verða framvegis birtar á vef félagsins www.stjarnan.is
 - b. Aðalstjórn staðfestir fyrirbyggjandi tillögu að 50 ára afmæli merkis félagsins.
 - c. Rætt um að skýra þurfi innbyrðis tengsl í félaginu og verkaskiptingu.
 - d. Rætt um samskiptamál og notkun miðla.
 - e. Rætt um skráningu félaga og félagsgjöld.

Næsti fundur aðalstjórnar verður haldinn miðvikudaginn 5. maí kl 17.15.

Fundi slitið kl. 18:50, ritað PGr.